

LÖG

um breytingar á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal greiða styrk til úreldingar krókabáta á sóknardögum frá gildistöku bráðabirgðaákvæðis þessa og til 1. apríl 1998. Skal úreldingarstyrkur nema allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II, sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1998 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 200 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á gildistökuþegi bráðabirgðaákvæðis þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Forsteinn Pálsson.

Nr. 147

29. desember 1997

LÖG

um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Auk réttar foreldra skv. 1. mgr. á faðir rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umframeitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

2. gr.

Í stað orðanna „hluta fæðingarorlofs“ í 3. málsli. 4. gr. laganna kemur: fæðingarorlof.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Faðir á rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

Faðir í fæðingarorlofi á rétt á greiðslu fæðingarstyrks í hlutfalli við lengd orlofsins. Þá á hann rétt á hlutfallslegri greiðslu fæðingardagpeninga í samræmi við ákvæði d-liðar 16. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um þá feður sem geta nýtt sér rétt samkvæmt lögnum við gildistöku þeirra.

Gjört á Bessastöðum, 29. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

- a. Launþegar sem starfa hér á landi að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfslíði slíkra embættismanna. Starf um borð í ís-